



Magnús Þórisson  
Þórarinn Gunnarsson

#### **Fjárhagsnefnd**

Gylfi Þór Orrason formaður  
Eggert Steingrímsson  
Ragnhildur Skúladóttir  
Rúnar Arnarson

#### **Fræðslunefnd**

Ragnhildur Skúladóttir formaður  
Guðni Kjartansson  
Gylfi Þór Orrason  
Sigurður Þórir Þorsteinsson  
Sigurður Sighvatsson  
Sigvaldi Einarsson  
Örn Ólafsson

#### **Laga- og leikreglanefnd**

Gísli Gíslason formaður  
Guðmundur H. Pétursson  
Þórarinn Gunnarsson

#### **Landsliðsnefnd karla**

Rúnar Arnarson formaður  
Jóhannes Ólafsson  
Róbert Agnarsson  
Þórgrímur Þráinsson

#### **Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)**

Guðrún Inga Sívertsen formaður  
Arna Steinsen  
Erla Hendriksdóttir  
Íris Sæmundsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Hanna Dóra Magnúsdóttir  
Ragnhildur Skúladóttir

#### **Landsliðsnefnd U21 karla**

Vignir Þormóðsson formaður  
Einar Kristján Jónsson  
Gísli Gíslason  
Jónas Þórhallsson  
Steinn Halldórsson

#### **Unglinganefnd karla (U19 og U17)**

Þórarinn Gunnarsson formaður  
Gunnar Gunnarsson  
Ingvar Guðjónsson  
Jóhann Torfason  
Magnús Brandsson  
Ómar B. Stefánsson  
Þórður Lárusson

#### **Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)**

Ragnhildur Skúladóttir formaður  
Hanna Dóra Markúsdóttir  
Jakob Skúlason  
Kristbjörg Ingadóttir  
Sigrún Ríkharðsdóttir  
Sigríður Pálsdóttir  
Tómas Þóroddsson

#### **Mannvirkjanefnd**

Gísli Gíslason formaður  
Bjarni Þór Hannesson  
Jón Runólfsson  
Margrét Leifsdóttir  
Kristján Ásgeirsson  
Rúnar Arnarson  
Þorbergur Karlsson

#### **Mótanefnd**

Róbert B. Agnarsson formaður  
Atli Þórsson  
Björn Friðbjófs­son  
Ingvar Guðjónsson  
*Katla Guðjónsdóttir*  
Valdemar Einarsson  
Þórarinn Gunnarsson

#### **Samninga- og félagaskiptanefnd**

Jóhannes Ólafsson formaður  
Stefán Geir Þórisson  
Örn Gunnarsson  
Gísli Hall (til vara)  
Guðmundur H. Pétursson (til vara)  
Jóhann Albertsson (til vara)

#### **Útbreiðslunefnd**

Vignir Már Þormóðsson formaður  
Björn Friðbjófs­son  
Jakob Skúlason  
Tómas Þóroddsson  
Valdemar Einarsson  
Vigfús Örn Gíslason (til vara)  
Ómar B. Stefánsson (til vara)  
Magnús Ásgrímsson (til vara)  
Trausti Hjaltason (til vara)

#### **Hæfileikanefnd**

Þórarinn Gunnarsson formaður  
Einar Hermannsson  
Hjördís Baldursdóttir  
*Kristbjörg Ingadóttir*  
Jóhann Torfason  
Unnsteinn Jónsson  
Þorsteinn Hilmarsson

#### **Heilbrigðisnefnd**

Reynir Björn Björnsson formaður  
Einar Jónsson  
Friðrik Ellert Jónsson  
Gauti Laxdal  
Hjalti Kristjánsson  
Hjörtur Þór Hauksson  
Stefán Stefánsson  
*Guðrún Sigurðardóttir*  
Sveinbjörn Brandsson

#### **Þjálfaranefnd**

Atli Eðvaldsson  
Ásgeir Sigurvinsson  
Eyjólfur Sverrisson  
Guðjón Þórðarson  
Guðni Kjartansson  
Helena Ólafsdóttir  
Jóhannes Atlason  
Jörundur Áki Sveinsson  
Logi Ólafsson  
Ólafur Jóhannesson  
Sigurður R. Eyjólfsson  
Vanda Sigurgeirsdóttir

#### **Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar**

Guðrún Inga Sívertsen formaður  
Helga Friðriksdóttir  
Hörður Guðbjörnsson  
Kristín Arnþórsdóttir  
Pétur Magnússon

#### **Framkvæmdanefnd EM U17 kvenna 2015**

Guðrún Inga Sívertsen formaður  
Ragnhildur Skúladóttir  
Lúðvík S Georgsson  
Þórarinn Gunnarsson

## 5. Starfsreglur stjórnar

- Voru samþykktar með smávægilegum orðalagsbreytingum á lið 2.2., 7.1. og 7.7.
- Fjárhagsnefnd falið að koma með minnisblað um laun formanns á næsta stjórnarfund.

## 6. Ársþing.

- Þinggerð hefur verið birt og send aðildarfélögum KSÍ.
- Farið yfir samþykkir ályktunartillögur frá ársþingi. Formaður KSÍ lagði fram þá tillögu að KSÍ greiddi hlut félaga í ferðajöfnunarsjóði árið 2015. Samþykkt að vísa málinu til fjárhagsnefndar til umfjöllunar. Stjórn samþykkti aðrar breytingar á reglugerðum KSÍ til samræmis við samþykktar ályktunartillögur á ársþingi.

### Ályktunartillögur frá ársþingi 2015

#### 1 Ferðapáttökugjald

Reglugerð um ferðapáttökugjald

##### 1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðin er sett á grundvelli samþykktar ársþings KSÍ 2015 og er tilgangur hennar að auka jöfnuð félaga gagnvart ferðakostnaði.

##### 2. grein.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Við útreikninga skal miða við sérstakt kílómetragjald fyrir keppnislið í heild sinni, 200 kr. pr. kílómetra, og má því aðeins breyta þeirri upphæð með samþykkt ársþings. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miða við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðar ríkisins. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út fyrir hverja landsdeild og að hver landsdeild er sjálfstæð við útreikninginn kostnaðar.

##### 3. grein.

Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Greiðsla til þeirra félaga skal innt af henti í tvennu lagi, eftir fyrri og seinni hluta móts.

Greiði félag ekki innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000 pr. dag frá 3. maí að telja.

Bráðabirgðaákvæði 2015: Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjaldsins verður greiddur af KSÍ.

#### 2) Tillaga til ályktunar

- Breyting á félagaskiptagjaldi

Stjórn KSÍ samþykkir að skipa starfshóp til að innleiða nýjar reglur um félagaskiptagjald fyrir leyfisferlið 2016.

#### 3) Tillaga til ályktunar

- Breyting á agaviðurlögum vegna áminninga og brottvísana

Stjórn KSÍ samþykkir breytingar á grein 13.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Greinin verður þannig:

13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili í skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti

- 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
  - 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
  - Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti
- b) Í bikarkeppni KSÍ
- 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
  - 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
  - Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni telja ekki í aðalkeppni en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni telja ekki að loknum 8 liða úrslitum en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni.

13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftari á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:

- a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)
- brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni KSÍ ef við á)
  - 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
  - 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leik í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
  - 4. brottvísun – sjálfkrafa bann í 4 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
  - o.s.frv.
- b) Í bikarkeppni KSÍ
- brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
  - 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í bikarkeppni KSÍ
  - 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki í bikarkeppni KSÍ
  - o.s.frv.

13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.

13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.

13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

13.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakeppni KSÍ annars vegar og hins vegar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram. Viðurlög við brotum í innanhússknattspyrnu skal fara með skv. grein 13.10. og viðurlög varðandi keppni í 7 manna liðum skal fara með skv. grein 13.11.

13.3. Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunarhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokkum.

**Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2015 varðandi óúttekin leikbönn: Óúttekið leikbann / óúttekin leikbönn frá fyrra ári skulu tekin út í fyrstu leikjum keppnistímabilsins óháð ofangreindum breytingum, þ.e. eins og verið hefur í fyrstu leikjum eins og þeir raðast af hálfu mótanefndar KSÍ, gildir einu hvort um leiki í meistarakeppni, Íslandsmóti eða bikarkeppni er að ræða.**

#### 4) Tillaga til ályktunar

- Nýtt ákvæði um heima-alda leikmenn (*locally trained players*)

Stjórn KSÍ samþykkir að fela laga- og leikreglanefnd að leggja fram tillögu um innleiðingu samþykka þingsins í reglugerð/ir sambandsins.

## 5) Tillaga til ályktunar

- Tillaga frá starfshópi um aldursflokkaskipting yngri flokka kvenna

Stjórn KSÍ samþykkir eftirfarandi bráðabirgðaákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

Í 33. grein:

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

**Ákvæði til bráðabirgða 2015: Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1993, 1994 og 1995) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.**

Neðst í 7. grein um takmörkun á hlutgengi komi bráðabirgðaákvæði:

**Ákvæði til bráðabirgða 2015: Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2.**

**Aldursflokkur kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1993, 1994 og 1995) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.**

## 6) Tillaga til ályktunar

- Frumvörp á Alþingi er varða virðisaukaskatt

Bréf sent til Alþingis með samþykkt þingsins.

## 7) Tillaga til ályktunar

- Reglugerð um aga- og úrskurðarmál / reglugerð um áfrýjunardómstól.

Stjórn KSÍ samþykkir að fela laga- og leikreglanefnd að skoða efni tillögunnar og mögulegar breytingar á ofangreindum reglugerðunum. Nefndin skili fyrsta álit á næsta stjórnarfundum m. t. t. komandi keppnistímabils. Nefndinni er jafnframt falið að yfirfara reglugerð um aga- og úrskurðarmál og leggja til nauðsynlegar breytingar á henni eftir því sem efni standa til.

## 8) Tillaga til ályktunar

- Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Stjórn KSÍ samþykkir breytingu á reglugerð KSÍ sbr. samþykkt ársþings:

Grein 7.5. verði þannig:

Félagi er heimilt að leyfa konum að taka þátt í keppni með liði karla í 3. aldursflokk og enn yngri flokkum.

## 7. Mannvirkjamál

- Lagt fram yfirlit yfir umsóknir um styrki í mannvirkjasjóð.
- Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu í samráði við mannvirkjanefnd á næsta stjórnarfundum um úthlutun styrkja.

## 8. Leyfismál.

- Farið yfir stöðuna í leyfismálum en tvö félög hafa ekki skilað fullnægjandi leyfisgögnum.

## 9. Þingmál 411

- Farið yfir gögn varðandi umsögn KSÍ um frumvarpið en umsögninni þarf að skila fyrir helgi. Formaður og framkvæmdastjóri ljúka verkinu.

## 10. ÍSÍ þing 17. og 18. apríl

- Formaður KSÍ kynnti sameiginlega tillögu KSÍ og annarra sérsambanda um breytingar á lögum ÍSÍ.
- KSÍ á 7 fulltrúa á þinginu og staðfestu Þórarinn, Guðrún, Geir, Róbert, Jóhann og Vignir þátttöku sína. Framkvæmdastjóri sendir tölvupóst á stjórnarmenn til að ljúka skipan fulltrúa KSÍ á þinginu.
- Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði 17. apríl kl. 12:30 í tengslum við ÍSÍ þingið.

## 11.A landslið karla

- Leikur gegn Kazakstan 28. mars (undankeppni EM) og Eistum 31. mars (vináttuleikur) næstkomandi. Báðir leikirnir ytra. Undirbúningur gengur vel.

## 12.A landslið kvenna

- Tók þátt í Algarve Cup í byrjun mars en mótið er mikilvægur undirbúningur liðsins fyrir undankeppni EM. Íslenska liðið tapaði leikjum sínum gegn Sviss, Noregi og Japan og gerði markalaust jafntefli við Bandaríkin.
- Leikur vináttulandsleik gegn Hollandi í Kórnum 4. apríl næstkomandi.
- Dregið er í undankeppi EM 20. apríl.

## 13. Yngri landslið

Rætt um komandi verkefni sem eru:

- U21 karla – vináttuleikur við Rúmeníu 26. mars. Undirbúningsverkefni fyrir undankeppni EM sem hefst í júní.
- U17 kvenna – vináttuleikir í Dublin 21. og 23. mars. Undirbúningsverkefni fyrir úrslitakeppni EM sem fram fer hér á landi í júní/júlí.
- U17 karla – milliriðlar EM í Rússlandi 21.-26. mars. Tvö lið úr riðlinum fara í úrslitakeppnina (16 liða keppni).
- U19 kvenna – milliriðlar EM í Frakklandi 4.-11. apríl. Sigurvegarar riðlanna og 7 af 8 liðum í 2. sæti fara í úrslitakeppnina.

## 14. UEFA

- UEFA þingið er 24. mars næstkomandi.
- Fulltrúar KSÍ verða Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason og Klara Bjartmarz.
- Geir er í framboði til stjórnar UEFA en þar eru 12 frambjóðendur um 7 sæti.

## 15. FIFA

## 16. Önnur mál.

- Lög var fram skýrsla um upphitunartilraun grasvalla frá LBHÍ sem vísað er til mannvirkjanefnd til umfjöllunar.
- Samþykkt var að sæma Sævar Þór Gylfason, Sindra, silfurmerki KSÍ fyrir 30 ára störf hjá Sindra við þjálfun.
- Formaður KSÍ greindi frá máli sem er fyrir Samninga-og félagaskiptanefnd vegna leikmannsins Juraj Grizelj.
- Laga-og leikreglanefnd undir forystu Gísla Gíslasonar var falið að vinna að endurskoðun laga og reglugerða sambandins og var veitt heimild að leita sér lögfræðiaðstoðar í samráði við framkvæmdastjóra.
- Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi við Klöru Bjartmarz í stöðu framkvæmdastjóra til bráðbirgða til haustsins.

Fleira ekki gjört og fundi slitið kl. 18:00.